

**Ed.**

**559. Nefndarálit**

**[303. mál]**

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efni þessa frumvarps er að uppfylla þau skilyrði sem aðilar vinnumarkaðarins settu ríkisstjórninni um niðurfærslu verðlags við undirritun kjarasamninga.

Undirritaður mælir með samþykkt frumvarpsins en þó með þessum fyrirvara:

1. Ljóst er að kaupmáttur launa verður áfram mjög lágur og ófullnægjandi fyrir allan þorra launafólks á þeim tíma þegar þjóðartekjur fara ört vaxandi og ber að harma það.
2. Æskilegt hefði verið að meiri áhersla hefði verið lögð á það í þessum ráðstöfunum að greiða niður verðlag á brýnustu lífsnauðsynjum fólks eins og matvörum og lyfjum.
3. Niðurgreiðslur raforkuverðs, sem nú koma í stað verðjöfnunar á raforku, mega ekki falla niður á næsta ári heldur verður ríkisvaldið áfram að tryggja jöfnun raforkuverðs í ekki minna mæli en nú er.
4. Ákvæði um skerðingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eiga engan rétt á sér og því er 24. gr. frumvarpsins sérstaklega mótmælt.
5. Ein mikilvægasta forsenda þessara samninga er áformaðar úrbætur í húsnæðismálu. Standi ríkisstjórnin ekki við loforð sín í þeim efnum eru forsendur þessarar samningsgerðar brostnar.
6. Því miður hefur ríkisstjórnin valið þeim kostinn að taka allan hlut ríkissjóðs í þessari samningsgerð, um einn og hálfan milljarð króna, að láni. Með því er einfaldlega verið að ávísa á skattgreiðendur í framtíðinni með óhjákvæmilegum skattahækkunum á komandi ári.

Ríkisstjórnin vísaði á bug hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um tekjuöflun til að mæta útgjöldum frumvarpsins, t.d. sérstökum eignarskatti og bankaskatti. Ríkisstjórnin sýnir því áfram mikið ábyrgðarleysi í fjármálum ríkisins svo að nú stefnir í hrikalegan halla ríkissjóðs á þessu ári.

En í ljósi þess að tryggja verður framgang gerðra kjarasamninga og færa niður verðlag til að nýta til fulls það tækifæri sem nú gefst til að ná niður verðbólgu í kjölfar lækkunar á olíuverði og hækkunar á afurðaverði vestan hafs mælir undirritaður með samþykkt frumvarpsins með ofangreindum fyrirvara.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Ragnar Arnalds.